

REGLUGERÐ

um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1.gr.

Hvert uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

2.gr.

Uppgjörstímabil bænda.

Uppgjörstímabil aðila á landbúnaðarskrá, sbr. 30. gr. laga nr. 50/1988, er sex mánuðir, janúar til og með júní og júlí til og með desember.

Sama 3.gr. gildir Ársuppgjörstímabil um

Aðili aðila sem selur hafa skattskylda með höndum nytjaskógrækt, enda sé sala á skattskyldri vöru eða þjónustu fyrir minna lægri en 800.000 4.000.000 kr. tvö á almanaksári almanaksári. Fari sala aðila í röð skal á næsta almanaksári þar á eftir nota árið sem uppgjörstímabil. Ákvæði þetta tekur ekki til þeirra sem falla undir 2. gr. og 1. mgr. 4. gr.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil hafi skattskyld velta hans undanfarin tvö almanaksár verið undir þeim mörkum er greinir í 1. mgr.

Fari skattskyld velta aðila skv. 1. mgr. nytjaskógrækt umfram þau mörk sem þar getið greinir er skv. 1. málsl. skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup skattaðila hans á viðkomandi uppgjörstímabili.

3.gr.

Ársuppgjörstímabil.

Aðili, sem selur virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4.000.000 kr. á heilu almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til eftirtalinna aðila:

- Aðila sem falla undir 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.
- Aðila sem skráðir eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- Aðila sem gera upp virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð nr. 58/1991, um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.
- Umboðsmanna og annarra sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti, skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Aðilar sem eru að hefja starfsemi skulu nota almanaksárið sem uppgjörstímabil. Þetta á þó ekki við í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar aðili fellur undir ákvæði 2. mgr.
2. Þegar aðili hefur yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi seljanda ekki borið að gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr.
3. Þegar aðili er að endurhefja starfsemi, þ.e. hefur áður verið skráður á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og gert upp skv. 1. gr.
4. Þegar um er að ræða hlutafélag skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, einkahlutafélag skv. lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, samvinnufélag skv. lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög eða sameignarfélag skv. lögum nr. 50/2007 um sameignarfélag.
5. Þegar um er að ræða einstakling sem óskar eftir að gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr., ef greinargerð hans um reiknað endurgjald í atvinnurekstri ber með sér að reiknað endurgjald á mánuði verði 200.000 kr. eða hærra.

Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. gr. um breytt uppgjörstímabil hafi hann verið á virðisaukaskattsskrá heilt almanaksár og velta hans í virðisaukaskattsskyldri starfsemi undanfarið almanaksár verið undir þeim fjárhæðarmörkum sem greinir í 1. mgr. Þó skal aðili ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærri á mánuði.

Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. um breytt uppgjörstímabil þegar fyrir liggur að velta hans á viðkomandi almanaksári er orðin 4.000.000 kr. eða hærri.

Þegar velta þess aðila sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil er orðin 4.000.000 kr. eða hærri skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á almanaksárinu. Frá og með því uppgjörstímabili ber honum að gera upp virðisaukaskatt á gjalddögum almennra uppgjörstímabila skv. 1. gr.

Þeim sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil er heimilt að gera skil á virðisaukaskatti viðkomandi árs á gjalddaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á.

Hafi aðili sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil ekki skilað lögboðinni virðisaukaskattsskýrslu vegna undanfarins almanaksárs getur ríkisskattstjóri gert honum að gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr. Ríkisskattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil samkvæmt þessu ákvæði.

4.gr.

Skemmri uppgjörstímabil.

Fyrirtæki Aðili geta getur fengið heimild skattstjóra ríkisskattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Nú Sama nemur gildir útskattur í slíku um fyrirtæki að sem jafnaði selja minna en helmingi innskatts vöru og getur þjónustu skattstjóri sem þá fellur heimilað undir því 2. að mgr. nota 14. skemmra gr. uppgjörstímabil laga en nr. einn 50/1988 mánuð, ef en meiri þó hluti ekki aðfanga skemmra þeirra en vegna eina framleiðslu vikna eða aðvinnslu ber virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988.

Aðilar á landbúnaðarskrá geta þrátt fyrir ákvæði 2. gr. fengið heimild ~~skattstjóra~~ ríkisskattstjóra til þess að nota almenn uppgjörstímabil skv. 1. gr.

~~Uppgjörstímabil~~ Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja eða sex mánaða tímabils skv. 1. eða 2. gr. ~~Uppgjörstímabilum, sem eru skemmri en einn mánuður, skal haga þannig að hverjum almanaksmánuði er skipt í tvö eða fjögur því sem næst jafnlöng uppgjörstímabil.~~ Beiðni um breytingu á uppgjörstímabili verður að hafa borist ~~skattstjóra~~ Skattinum a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fáí aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

4. gr. a.

Uppgjör aðila sem nota skulu hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil

Aðili sem hefur verið skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá skv. 2. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988 skal, samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár frá og með því tímabili sem skráning á sér stað að nýju og skal gjalddagi vera 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Hafi aðili gert fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann að því loknu standa skil á virðisaukaskatti samkvæmt almennum reglum 24. gr. laga nr. 50/1988. Sama á við um nýskráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. laga nr. 50/1988 og endurskráningu skv. 2. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988, ef aðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sé um félag að ræða, hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Með hugtökunum framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og eigandi í 1. mgr., sbr. 4. mgr. 27. gr. A laga nr. 50/1988, er átt við þá aðila sem skráðir eru opinberri skráningu samkvæmt fyrirtækjaskrá. Ákvæðið nær einnig til raunverulegra stjórnenda eða eigenda félags.

5. gr.

Tímabundin uppgjörstímabil.

Aðili sem tímabundið hefur með höndum ~~skattskylda~~ virðisaukaskattsskylda starfsemi getur fengið heimild ~~skattstjóra~~ ríkisskattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tímabils sem starfsemi varir. Tímabundið uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn ~~fjórði hluti almanaksmánaðar~~ almanaksmánuður og lengst tveir almanaksmánuðir.

6. gr.

Virðisaukaskattskýrslur.

~~Virðisaukaskattsskyldir~~ Aðili ~~aðilar~~ skal ~~skulu~~ ótilkvaddir ótilkvaddur gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem ~~þeim~~ honum ber að standa skil á eða ~~þeir~~ hann eiga á rétt á að fá endurgreiddan, á ~~sérstöku~~ sérstöku virðisaukaskattsskýrslum virðisaukaskattsskýrslum. ~~sem~~ Virðisaukaskattsskýrslu ~~ríkisskattstjóri~~ skal ~~latur~~ skila gera rafrænt til Skattsins. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Ríkisskattstjóri ákveður ~~hvaða form~~ upplýsingar skuli gefa á skýrslum þessum. Skýrslur til nota fyrir þá sem hafa tveggja mánaða, sex mánaða eða ársuppgjörstímabil skulu vera í formi ~~gíröseðils~~ virðisaukaskattsskýrslu.

Sé um að ræða ~~leiðréttingaruppgjör~~ uppgjör skv. ~~36.~~ 3. mgr. 3. gr., uppgjör skv. lokamálslið 2. gr. eða leiðréttingu á áður ákvörðuðum virðisaukaskatti skal gerð grein fyrir því á sérstöku leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Slíkar skýrslur geta verið á rafrænu formi, sbr. 1. mgr.

~~Virðisaukaskattsskýrslu~~ Virðisaukaskattsskýrslu ber ~~einnig~~ að skila ~~innheimtumanni eða skattstjóra~~ fyrir hvert uppgjörstímabil, einnig þótt ekki hafi verið um ~~skattskylda~~ virðisaukaskattsskylda ~~veltu~~ starfsemi að ræða á tímabilinu.

7.gr.

Aðrar upplýsingar virðisaukaskattskylds aðila.

Til viðbótar því sem skýrslugjöfð virðisaukaskattsskýrslur skv. 6. gr. gefa tilefni til skal skattaðili skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um virðisaukaskattskil hans. Einnig er virðisaukaskattskyldum aðila skylt að láta skattfyrirvöldum Skattinum í té, í því formi sem óskað er nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á virðisaukaskattskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

8.gr.

Gjalddagar.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Þegar um er að ræða almenn uppgjörstímabil, sbr. 1. gr., er gjalddagi fimmti dagur annars almanaksmánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Þó er gjalddagi aðila á landbúnaðarskrá og aðila í nytjaskógrækt skv. 2. málsl. 2. gr. 1. september ár hvert vegna viðskipta á fyrri hluta árs og 1. mars ár hvert vegna viðskipta á síðari hluta næstliðins árs.

Gjalddagi vegna skemmri uppgjörstímabila, sbr. 1. mgr. 4. gr., eða tímabundinna uppgjörstímabila, sbr. 5. gr., er einum mánuði og fimm dögum eftir lok tímabilsins vegna viðskipta á því tímabili. Gjaldagi vegna ársuppgjörs, sbr. 3. gr., er 15. mars febrúar ár hvert vegna viðskipta á næstliðnu ári.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

9.gr.

Fullnægjandi skil á virðisaukaskatti.

Það teljast fullnægjandi skil á virðisaukaskatti ef:

- Greitt er í banka sparisjóði eða pósthúsi sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga. Greiðsla á grundvelli rafrænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.
- Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn virðisaukatts ríkissjóðs eru tollstjórnir annars vegar ríkisskattstjóri í Reykjavík umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar sýslumenn utan Reykjavíkur höfuðborgarsvæðisins.
- Póstlögð greiðsla hefur borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á skýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans. Notkun veflykils eða rafrænna skilríkja við rafræn skil skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr., jafngilda undirritun skýrslu.

10.gr.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

Sé innskattur hætti hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal senda skýrslu vegna þess tímabils til skattstjóra í því umdæmi þar sem skattaðili á lögheimili. Skattstjór skal rannsaka slíka skýrslu sérstaklega Skattsins. Fallist hann ríkisskattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán tuttugu daga og eins dags frá lokum skilafrests skv. 8. gr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán tuttugu daga og eins dags frá því að skattstjóri ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð um innsenda skýrslu skv. 29. gr. laga nr. 50/1988. Hafi skattaðili aðili fengið heimild skattstjóra ríkisskattstjóra til að nota skemmra uppgjörstímabil, sbr. 4. gr., skal endurgreiðsla endurgreiðsla fara fram innan fimmtán tuttugu daga og eins dags frá því að skýrsla barst skattstjóra Skattinum.

Geti skattstjóri ríkisskattstjóri vegna aðstæðna skattaðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist frestur sá sem um ræðir í 2. mgr. um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Skattstjóri Ríkisskattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu til skattaðila sem nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. þegar fyrir liggur ársreikningur.

Skattstjóri má því aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að ef skattákvörðun álagning liggir virðisaukaskatts fyrir á vegna fyrri uppgjörstímabili, uppgjörstímabils einu eða fleiri, er ekki byggð á áætlun skv. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. eða 1.-3. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatt skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabils ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

11.gr.

Aukauppgjör bænda.

Skattstjóra Ríkisskattstjóra er heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað, sbr. 1. málsl. 2. gr., um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum.

Skilyrði aukauppgjors er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveimur þriðju hlutum innskatts á tímabilinu.

Hvert aukauppgjör tekur til tveggja eða fjögurra almanaksmánaða talið frá upphafi yfirstandandi sex mánaða uppgjörstímabils eða lokum fyrri aukauppgjörstímabils. Gera skal upp útskatt og innskatt vegna viðskipta á aukauppgjörstímabilinu eins og um reglulegt uppgjör væri að ræða.

12.gr.

Bráðabirgðauppgjör sláturleyfishafa.

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30 93/1966 1995 geta fengið heimild skattstjóra ríkisskattstjóra til að skila á ári hverju tveimur fimm sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá eftirfarandi:

1. september til og með 15. október september.
16. september til og frá með 30. september.
1. október til og með 15. október.
16. október til og með 31. október.
1. nóvember til og með 15. desember nóvember.

Skattstjóri Ríkisskattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

13.gr.

Umsjá með framtali, skilum og uppgjöri annarra.

Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila enda hafi aðilar samið um slíka tilhögun skriflega. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

14.gr.

Um innheimtu á vangoldnum virðisaukaskatti.

Til að tryggja sem best virðisaukaskattskröfu ríkissjóðs skal innheimtumaður hefja innheimtuaðgerðir, þ.m.t. lokunaraðgerðir skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvarðað gjaldanda virðisaukaskatt vegna fyrri tímabils.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá yfirskattanevnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum, enda bjóði skuldari fram sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi, til tryggingar virðisaukaskattskuld, álagi, dráttarvöxtum og öllum innheimtukostnaði.

Staðfesti yfirskattanevnd úrskurð ~~skattstjóra eða~~ ríkisskattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fyllu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreining undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

15.gr.

Álag.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef virðisaukaskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, verið of há.

Álagi skal ekki beitt á skil vegna eldri uppgjörstímabila sem gerð eru réttilega skv. ~~3 6.~~ mgr. ~~3.gr~~ 3. gr.

16.gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum 5. og 6. gr. varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

17.gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárunum 1994 og 1995 skulu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1996.

~~Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.~~

~~F.h.r.~~

~~- Indriði H. Þorláksson. -~~

~~Jón Guðmundsson.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.